

Ed.

435. Nefndarálit

um frv. til laga um uppeldisstofnun fyrir vangæf börn og unglinga.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið allskostar sammála um meðferð frumvarpsins. Að vísu viðurkenna báðir meðnefndarmenn minir hið nauðsynlega efni frv., og að bæta beri úr vandræðum, sem yfir þjóðinni voða, verði ekkert aðhafzt um þessi mál, en telja þó tormeðki á framkvæmdum, sakir fjárskorts nú í bili.

Ég get ekki allskostar fallizt á þá ástæðu, því 2. gr. frv. segir skýrt, að þá fyrst verði uppeldisheimili stofnuð, er fé fæst til þess í fjárlögum. Hefir Alþingi það því í hendi sinni að ákveða, hvenær slikt fé er veitt. Mér þykir það allt of mikið tómlæti í jafnalvarlegu máli, að fresta þannig þing eftir þing að fá um þetta lagafyrirmæli, með skýrum ákvæðum um alla meðferð uppeldisstofnana fyrir vangæf börn og unglinga.

Hvað kostnað snertir, verður auðvitað ekki um hann sagt fyrirfram: stofn-
kostnaður fer eftir því, hve aðgengilegum kjörum komizt verður að með jarðnáði, húsakost o. fl., og rekstrarkostnaður hlýtur að fara eftir því, hvernig búskapurinn gengur, þar eð mér þykir sjálfsagt, að vinna unglinganna á heimilum þessum yrði til þess að létta undir kostnaðinn. Styð ég þessa skoðun mína meðal annars við álit barnaverndarráðs, sem sendi menntamálanefnd umsögn sína um mál þetta, að tilhlutun kennslumálaráðherrans. Ég vil leyfa mér að birta hér kafla úr bréfi þessu:

„Vér teljum afarmikilsvert atriði, ef frv. þetta nær fram að ganga, að hentugur staður sé valinn uppeldisheimilinu. . . . Viljum vér í þessu sambandi benda á jörð, sem vér álitum í alla staði mjög heppilega undir því líkt setur, en það eru Reykhólar í Barðastrandarsýslu. Þar eru ræktunarskilyrði nær ótakmörkuð og jarðhiti nægur. Myndu slík skilyrði gera heimilið mjög ódýrt í rekstri,¹⁾ svo að ekki er óhugsandi, að það beri sig, er fram líða stundir.“

1) Leturbreyting hér.

Bréf barnaverndarráðs um þetta efni er miklu lengra, en ég læt þetta nægja. Nú hefir verið talað um, að ríkið kaupi Reykhóla. Verði það samþykkt, koma til greina möguleikar, sem virðast framkvæmanlegir í þessum efnun. Vitanlega er um langtum fleiri heppilega staði að ræða; þannig var og bent á aðra jörð í nefndu bréfi barnaverndarráðs — Kleppjárnreyki í Borgarfirði. Þar eru afargóð ræktunarskilyrði, hægt um afurðasölu og jörðin vel hýst. Þetta bendi ég á til þess að sýna, að með góðum vilja væri ekki ókleift að hefja þetta starf börnun og unglingum til bjargar.

Ég legg það því til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 4. gr. Í stað orðanna „til 16 ára aldurs“ kemur: til 18 ára aldurs.

Alþingi, 17. des. 1937.

Guðrún Lárusdóttir.